



Allsherjarnefnd Alþingis
Ágústa H. Lárusdóttir
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Dagsetning
28. nóvember 1994

Tilvísun
94110231

Alþingi
Erindi nr. Þ 118 / 266
kornudagur 29/11 1994

Með bréfi, dags. 20. október sl., var óskað umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um héraðsdómstól í skatta- og bókhaldsmálum, 9. mál.

Að þessu tilefni vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram.

Í framangreindu frumvarpi er lagt til að stofnaður verði sérstakur héraðsdómur í skatta- og bókhaldsmálum. Að þessu tilefni vill ráðuneytið benda á að á undanförunum árum hefur það verið stefnan að fækka sérdómstólum og hafa t.d. sjó- og verslunardómur, sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum, kirkjudómur og siglingadómur verið lagðir niður.

Ráðuneytið telur að ef stofna eigi nýjan sérdómstól þurfi rík rök að liggja til grundvallar slíkri ákvörðun. Af greinargerð með frumvarpinu má helst ráða að helstu rök fyrir stofnun dómstóls í skatta- og bókhaldsmálum muni flýta meðferð mála af þessu tagi og að hann muni tryggja nauðsynlega sérþekkingu við meðferð málanna.

Varðandi röksemdina um að sérdómstól í þessum málum muni leiða til hraðari málsmeðferðar og gera hana skilvirkari bendir ráðuneytið á að reynslan af þeim sérdómstólum sem að framan greinir bendir til hins gagnstæða. Þá er rétt að benda á að þær tölulegu upplýsingar sem vitnað er til í greinargerð eru frá tíð fyrrum dómaskipunar hér á landi. Ráðuneytið hefur safnað upplýsingum um málatíma afgreiddra opinberra mála hjá héraðsdómstólum frá 1. júlí 1992 - ársloka 1993 og jafnframt um aldur óafgreiddra mála í árslok 1992 og 1993. Niðurstöður eru eftirfarandi í þeim málum þar sem ríkissaksóknari gaf út ákæru:

Málatími afgreiddra mála þar sem ríkissaksóknari gaf út ákæru.

Tímabil	0-30 daga	31-60 daga	61-90 daga	3-6 mán	6-9 mán	9-12 mán	1 ár og m.	Samtals:
01.07.92- 31.12.92	70 = 22%	78 = 24%	23 = 7%	65 = 20%	25 = 8%	21 = 7%	40 = 12%	322
1993	327 = 41%	203 = 25%	85 = 11%	105 = 13%	26 = 3%	22 = 3%	34 = 4%	802

Aldur óafgreiddra mála í árslok 1992 og 1993 þar sem ríkissaksóknari gaf út ákæru.

Tímabil	0-30 daga	31-60 daga	61-90 daga	3-6 mán	6-9 mán	9-12 mán	1 ár og m.	Samtals:
01.07.92- 31.12.92	43 = 22%	29 = 15%	13 = 7%	27 = 14%	21 = 11%	18 = 9%	42 = 22%	193
1993	50 = 38%	28 = 21%	18 = 14%	16 = 12%	11 = 8%	3 = 2%	6 = 5%	132



Þegar þessar tölur eru skoðaðar verður að hafa í huga að inn í þeim eru líka mál sem hinir nýju héraðsdómstólar fengu til meðferðar frá eldri héraðsdómstólum. Þessar tölur sína að frá 1. júlí 1992 - 31. desember 1992 höfðu héraðsdómstólar til meðferðar samtals 515 ákætur sem ríkissaksóknari gaf út. Í árslok það ár voru ódæmd 81 mál þar sem ákæran var eldri en 6 mánaða gömul, sem er 16 % af öllum málum til meðferðar og 42% af óafgreiddum málum í árslok 1992. Árið 1993 höfðu héraðsdómstólar til meðferðar 934 ákætur sem ríkissaksóknari gaf út. Í árslok það ár voru ódæmd 20 mál þar sem ákæran var eldri en 6 mánaða gömul, sem er 2% af öllum málum til meðferðar og 15 % af ódæmdum málum. Þá fækkar ódæmdum málum verulega á milli þessara ára eða um 32%.

Ráðuneytið telur að framangreindar upplýsingar um málatíma í opinberum málum hjá héraðsdómstólum í núverandi dómstólaskipan gefi ekki tilefni til að ætla að hann verði styttri hjá sérdómstól. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að ef málsmeðferð í skatta- og efnahagsbrotum tekur óeðlilega langan tíma hjá réttarvörsluaðilum kann að vera að málatíma mætti stytta hjá lögreglu og ákærvaldi, en það frumvarp sem hér er til umfjöllunar fjallar ekki um þann þátt málsins.

Varðandi þau rök að hjá sérdómstól væri til staðar sérþekking til að fjalla um þessi mál bendir ráðuneytið á að erfitt gæti orðið að finna menn sem uppfylla þau skilyrði sem í frumvarpinu greinir varðandi hæfi dómara. Auk þess eru í núgildandi réttarfarslögum ákvæði sem með einfaldari hætti gefa möguleika á að við úrlausn mála hjá héraðsdómstólum sé notið nauðsynlegrar sérþekkingar, þ.e. að skv. 2. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála getur héraðsdómari kvatt til tvo sérfróða meðdómendur til að fara með mál og leysa úr því með sér. Við úrlausn mála varðandi skatta- og efnahagsbrot eru yfirleitt kvaddir til löggiltir endurskoðendur og telur ráðuneytið að með þeim hætti sé tryggð nægileg sérþekking í meðferð þessara mála.

Auk þess sem að framan greinir hefur ráðuneytið efasemdir um að á næstu árum verði það mörg refsímál rekin fyrir héraðsdómstólum varðandi skatta- og efnahagsbrot að næg verkefni verði fyrir þá þrjá dómara sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þeim fjármunum sem dómstóllinn mun kosta telur ráðuneytið betur varið í að styrkja núverandi réttarvörslukerfi.

Verði talið rétt að stofna sérstakan héraðsdóm í skatta- og efnahagsbrotum í samræmi við frumvarpið telur ráðuneytið að athuga þurfi sérstaklega eftirtalin efnisatriði frumvarpsins:

Af athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins og 7. gr. þess má ráða að höfundar þess telji að hér á landi gildi enn svokallað rannsóknarréttarfar, sem að mestu var aflagt 1977 og alfarið með gildistöku núverandi laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Þrátt fyrir tilvísun í 4. gr. frumvarpsins til laga um meðferð opinberra mála virðist af 5. og 7. gr. mega ráða að mál hljóti meðferð hjá dómstólnum án þess að því sé markaður farvegur með ákæru, svo sem gildir um öll önnur refsímál sem lögð eru fyrir héraðsdómstóla.

Í 6. gr. er ekki ljóst hvort með hugtakinu "rannsóknaraðili" sé einungis átt við lögreglu eða ákærvald, svo sem nú gildir, eða hvort þar sé einnig tilvísun til þeirra sem rannsaka



mál innan skattakerfisins.

Í 7. gr. kemur bersýnilega fram eitt af þeim vandkvæðum sem fylgja sérdómstólum, þ.e. að sama málið geti verið rekið fyrir tveimur héraðsdómstólum. Slík vandkvæði geta, auk óvissu um hvar með mál skuli fara, valdið óþarfa drætti á meðferð málsins fyrir héraðsdómi.

Í 4. gr. frumvarpsins er vísað til II. - XXIII. kafla laga um meðferð opinberra mála, en virðist eiga að vera tilvísun til II. - XXII. kafla laganna.

F. h. r.